

Nefndasvið Alþingis
B.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Selfossi, 26. maí 2016

Efni: Umsögn um 680. mál. Frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum, búnaðarlögum og tollalögum (búvörusamningar, búnaðarlagasamningar).

Auðhumla svf. er samvinnufélag mjólkurframleiðenda og móðurfélag Mjólkursamsöluunar ehf. Auðhumla svf. (AH) hefur sem slík ekki aðkomu að búvörusamningum, en er eins og önnur úrvinnslu- og markaðsfyrirtæki með íslenskar landbúnaðarvörur, nátengd íslenskum landbúnaði og þeim starfsskilyrðum sem hann býr við. AH fagnar því að með þessum nýju búvörusamningum og tengdum lagabreytingum sé horft til 10 ára, sem skapar ákveðinn stöðugleika og fyrirsjáanleika á samningstímanum.

AH vill nefna nokkur áhersluatriði sérstaklega varðandi þær breytingar sem frumvarpið leggur til.

1. Í fyrsta lagi eru það breytingar á núverandi 13. gr. og 71. gr. búvörulaga, sem taldar eru nauðsynlegar vegna ákvæða EES samningsins. AH telur að það orðalag ákvæðisins sem 41. gr frv. leggur til varðandi 71. gr. sé of víðtækt og geti valdið túlkunarvanda. AH telur að breyting á orðalagi 71. gr. ætti að vera sambærileg og breyting 13 gr. um að heimildir taki ekki til vöruhegunda sem falla undir EES samning. Málslíðurinn yrði þá svohljóðandi:

„Heimild þessi tekur ekki til mjólkurafurða sem falla undir gildissvið samningsins um Evrópska efnahagsvæðið.“

Þetta orðalag ákvæðisins er líka í betra samræmi við athugasemdir við 41 gr. frumvarpsins. Að öðru leyti telur AH að fyrrgreind breyting hafi engin efnisleg áhrif á núgildandi 13. og 71. gr. búvörulaga, heldur sé aðeins um áréttingu að ræða á gildandi rétti að því er EES samninginn varðar.


2. Í öðru lagi vill AH vekja athygli á að 25. gr. frumvarpsins, varðandi nýjan c-lið 52. gr. búvörulaga, gerir ekki ráð fyrir þeim möguleika að greiðslumarkskerfið verði **EKKI** lagt niður með atkvæðagreiðslu bænda árið 2019. Ákvæðið þarf að gera ráð fyrir að lagaumhverfið geti virkað, hver sem niðurstaða endurskoðunar verður.
3. Varðandi nýtt fyrirkomulag verðlagsmála, sem 3.-6. gr. frumvarpsins fjalla um, er ljóst að útfærsla þess getur haft mikil áhrif á starfsemi AH. Ekkert liggur á þessu stigi fyrir um hvernig þetta nýja fyrirkomulag verður nánar útfært eða hvaða viðmið um framleiðniþróun eða arðsemi verða sett. Þá þarf að vera alveg ótvírætt, að 13. gr. búvörulaga, sbr. 10. gr. þeirra laga, sé í breyttu verðákvörðunarkerfi nægileg heimild til að selja einstakar vörur sem EES samningurinn tekur ekki til, undir kostnaðarverði á neytendamarkaði, þótt markaðsráðandi fyrirtæki eigi í hlut. Að öðrum kosti er t.d. ljóst að heildsöluverð á nýmjólk þyrfti að hækka töluvert og heildsöluverð á smjöri þyrfti nálega að tvöfaldast, en það er skýrasta dæmið um áhrif af því að þessi lagaheimild héldist ekki við þessar breytingar. Þá er ljóst að ef

Þessi lagagrein héldist ekki hefði það veruleg áhrif á iðnaðarhráefni (duft), kálfafóðursduft og þar með stærð og umfang mjólkurframleiðslunnar á Íslandi. Minni mjólkurframleiðsla sem af því leiddi hefði þannig veruleg áhrif á búsetu og byggðapróun í landinu. AH er engu að síður í heildina jákvætt í garð fyrirhugaðra breytinga á fyrirkomulagi verðákvæðana og telur að þær geti verið uppbyggilegt skref í þróun samskipta framleiðslu og markaðar á þessu sviði. Það er þó ljóst að lítil tími mun gefast frá samþykkt frumvarpsins og að fyrirhugaðri gildistöku nýrrar framkvæmdar um næstu áramót. AH veltir því upp hvort ekki væri rétt að miða við að núgildandi fyrirkomulag héldist, a.m.k. út árið 2017.

4. Varðandi raungildisleiðréttingu tolla er það skoðun AH að það sé bagalegt hvað slík leiðrétting, sem hér er fyrirhuguð, hefur dregist lengi. Ákvarðanir stjórnvalda um tollfrjálsan aðgang að íslenskum markaði og tollvernd innlendrar framleiðslu eru mikilvægur hluti starfsumhverfis innlendrar framleiðslu. Ef ákvarðanir um magntolla í íslenskum krónum halda ekki raungildi sínu yfir tíma, getur þessi þáttur lagaumhverfisins verið látinn algerlega í hendur innlendri verðbólguþróun, umfram verlagshækkanir samkeppnislandanna. Það getur ekki gengið.

AH tekur hins vegar undir, að tryggja þarf að verðlagsleiðrétting á tollvernd innlendrar landbúnaðarframleiðslu komi ekki niður á samkeppnishæfni annarar innlendrar matvælaframleiðslu, svo sem ísgerðar og súkkulaðiframleiðslu. Verðlagsþróun á hráefni til matvælaframleiðslu íslenskra iðnfyrirtækja þarf að taka mið af lækkun tolla á innflutt matvæli, svo samkeppnishæfni innlands matvælaíðnaðar skerðist ekki.

F.h. Auðhumlu svf.,
Virðingarfyllt,



Garðar Eiríksson, framkvæmdastjóri